

Fundargerð

280. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins haldinn á skrifstofu slökkviliðsstjóra, Skógarhlíð 14, föstudaginn 17. apríl 2026, kl. 09:00.

Fundinn sátu:

Heiða Björg Hilmisdóttir, Ásdís Kristjánsdóttir, Valdimar Víðisson, Almar Guðmundsson, Þóra Margrét Hjaltsted, Þór Sigurgeirsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Ragnhildur Jónsdóttir, Birgir Finnsson, Aldís Rún Lárusdóttir og Ingveldur Lára Þórðardóttir.

Fundargerð ritaði: Ingveldur Lára Þórðardóttir, skrifstofustjóri.

Ásdís Kristjánsdóttir sat fjarfund.

1. Breyting á stjórn SHS - 2604003

Nýr fulltrúi Mosfellsbæjar, Þóra Margrét Hjaltsted, tekur setu í stjórn SHS.

2. Innra eftirlit og áhættustýring - 2601049

Farið yfir mat stjórnenda á núverandi áhættuþoli lykiláhættuþátta starfseminnar í samræmi við áhættustefnu og þróun þess, sem og helstu upplýsingar varðandi innra eftirlit á árinu 2025.

Niðurstaða

Kynning.

Fylgiskjöl

SHS 280 2.1 Greinargerð um innra eftirlit og áhættustýringu.pdf

3. Árangur SHS í umhverfismálum 2025 - 2601048

Árangur SHS í umhverfismálum 2025 skv. mælikvörðum loftslagsstefnu SHS kynntur.

Niðurstaða

Kynning.

Fylgiskjöl

SHS 280 3.1 Árangur SHS í umhverfismálum 2025.pdf

4. Framvinda brunavarnaáætlunar - 2604004

Kynning á framvindu brunavarnaáætlunar SHS og menntun slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

Niðurstaða

Kynning.

Gestir

Hlynur Höskuldsson, deildarstjóri á aðgerðasviði -

Fylgiskjöl

SHS 280 4.1 Framvinda brunavarnaáætlunar SHS.pdf

Hlynur fer af fundi kl. 9.40.

5. Hættuleg búseta í íbúðarhúsnæði - 2604006

Eftir að dómsúrskurður veitti SHS í fyrsta skipti aðgang að íbúðarhúsnæði vorið 2025 hefur ábendingum um mögulega hættulega búsetu í íbúðarhúsnæði fjölgað. Unnið er að því að móta verklag hjá SHS fyrir þennan málaflokk.

Niðurstaða

Slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra falið að vinna áfram að verklaginu í samráði við byggingarfulltrúa og heilbrigðiseftirlit á svæðinu. Framvinda verksins verði kynnt stjórn á næsta fundi.

6. Skýrsla HMS um eldsvoða á Stuðlum í október 2024 - 2604001

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun gaf nýverið út skýrslu um rannsókn á eldsvoða á meðferðarheimilinu Stuðlum í Reykjavík í október 2024. Þar eru lagðar fram úrbótatillögur á grundvelli þeirra niðurstaðna rannsóknarinnar að brunavarnir mannvirkisins, virkni þeirra og eftirlit með þeim hafi ekki verið í samræmi við brunahönnun og lögbundnar kröfur til brunavarna og mannvirkjagerðar.

Niðurstaða

Kynning.

Fylgiskjöl

SHS 280 6.1 Skýrsla HMS um eldsvoða á Stuðlum.pdf

7. Önnur mál 2026 - 2601007

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 10:10.

Heiða Björg Hilmisdóttir

Ásdís Kristjánsdóttir

Valdimar Víðisson

Almar Guðmundsson

Póra Margrét Hjaltsted

Ragnhildur Jónsdóttir

